



– fyrir íslenska verslun

Alþingi  
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Alþingi  
Erindi nr. **P** /35/2480  
komudagur 2.5.2008

Reykjavík, 02.05.2008  
Tilv. 2008/0039  
SÖG

**Efni: Frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga**

Félag íslenskra stórkaupmanna (FÍSt) vísar til erindis Alþingis frá 9. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, 524. mál, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

FÍSt fagnar auknu frelsi í innflutningi bjúfjárafurða, en telur jafnframt nauðsynlegt að unnið verði að því á Alþingi að breyta fyrirkomulagi á innflutningi búfjárafurða að því er varðar tolla.

Hvað viðkemur einstökum greinum frumvarpsins telur FÍSt það vera til bóta að settar séu skýrar leikreglur um framkvæmd matvælaeftirlitsins sem þó hefta ekki atvinnufrelsi matvælafyrirtækja meira en nauðsynlegt er til að tryggja matvælaöryggi í landinu. Mikilvægt er þó að við beitingu slíkra reglna sé gætt gegnæis og jafnræðis. Þannig er mikilvægt að hugtakið "rökstuddur grunur" í 19. gr. frumvarpsins verði skilgreint nákvæmlega og verklagsreglur settar í samráði við matvælafyrirtækin í landinu um það hvernig staðið verði að slíkum opinberum birtingum og í hvaða tilvikum. Óásættanlegt er að beitt verði þeirri aðferð að fyrst sé skotið og svo spurt, ef svo má að orði komast. Óvönduð vinnubrögð á þessu sviði geta leitt af sér mikið fjárhagslegt tjón að ósekju fyrir matvælafyrirtækin í landinu. Því leggur FÍSt til að nánar verði gerð grein fyrir því í greinargerð hvað felist í hugtakinu "rökstuddur grunur".

Þá gerir FÍSt athugasemd við ákvæði 2. og 3. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um lyf í fæðubótarefnum. Annars vegar kemur fram í 2. gr. frumvarpsins að lögum taki ekki til fæðubótarefna sem innihalda lyf, enda er þá um lyf að ræða skv. lyfjalögum sem Lyfjastofnun hefur umsjón og eftirlit með. Hins vegar segir svo í 3. gr. frumvarpsins að fæðubótarefni megi ekki innihalda lyf skv. lyfjalögum. Spurningin er þá hverjum ber að framfylgja þessu ákvæði frumvarpsins verði það að lögum. Í greinargerð með frumvarpinu segir að ef fæðubótarefni inniheldur efni sem teljast lyf skv. lyfjalögum er ekki um fæðubótarefni að ræða og því óheimilt að markaðssetja það sem slíkt.

Spurningin er hvað felst í því að markaðssetja lyf sem fæðubótarefni? Það er að mati FÍS mikil þversögn í því að heilbrigðiseftirlitinu í landinu undir yfirumsjón Matvælastofnunar sé falið eftirlit með lyfjum í þeim tilvikum þegar þau eru markaðssett sem fæðubótarefni, án þess að nánar séu skilgreind mörk slíkrar markaðssetningar. Nærtækara er að Lyfjastofnun sé falið slíkt eftirlit og að nánar sé skilgreint hvað felst í í slíkri markaðssetningu sé ætlunin að gera hana ólögþæta. Auk þess sem tilgreining í greinargerð er ekki nægileg stoð fyrir slíku inngrípi heilbrigðiseftirlitisins í markaðssetningu lyfja.

Vinsamlegast



Sigurður Örn Guðlaifsson, hdl.